

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
44. fundur.

**Miðvikudaginn 9. janúar 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Val á fagaðilum til gerðar aðalskipulags fyrir Húnavatnshrepp.
3. Málefni Hveravalla.
4. Gjaldskrá sorphirðugjalda.
5. Tilnefning fulltrúa í atvinnumálanefnd.
  - a) Aðalfulltrúa í stað Þóru G. Þórsdóttur.
  - b) Varafulltrúa í stað Páls Stefánssonar.
6. Fundargerðir:
  - a) Hússtjórnar Húnavers dags. 1. október 2007.
  - b) Hússtjórnar Húnavers dags. 6. nóvember 2007.
  - c) Hússtjórnar Húnavers dags. 13. nóvember 2007.
  - d) Fundar í Dalismynni vegna bókakaupa dags. 4. desember 2007.
  - e) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf. dags. 19. desember 2007.
  - f) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 17. desember 2007.
  - g) Fundar um mögulega nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu með nýtingu orku frá Blönduvirkjun dags. 18. desember 2007.
  - h) Samgöngu- og fjarskiptanefndar dags. 20. desember 2007.
  - i) Héraðsnefndar dags. 20. desember 2007.
7. Bréf:
  - a) Frá óbyggðanefnd dags. 2. janúar 2008
  - b) Frá stjórn Vilko dags. 18. desember 2007.
  - c) Frá Félagsmálaráðuneyti dags. 19. desember 2007.
  - d) Frá Blönduósbæ dags. 14. desember 2007.
  - e) Frá Félagsmálaráðuneyti dags. 5. desember 2007.
  - f) Frá Skipulagsstofnun dags. 7. desember 2007.
  - g) Frá Hestamannafélaginu Neista dags. 29. nóvember 2007.
  - h) Frá menntamálanefnd Alþingis dags. 12. desember 2007. mál 285 og 287.
  - i) Frá menntamálanefnd Alþingis dags. 12. desember 2007. mál 286.
8. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu ýmissa framkvæmda á árinu 2007 miðað við fjárhagsáætlun. *Sveitarstjóra var falið að skoða gjaldskrá varðandi stöðuleyfi gáma.*

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
44. fundur.

**2. Val á fagaðila við gerð aðalskipulags fyrir Húnavatnshrepp.**

Fyrir fundinum liggja samanburðartölur vegna verðathugunar á vinnu fagaðila við aðalskipulagsgerð fyrir Húnavatnshrepp.

*Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að hefja viðræður við Landmótun sf. um aðalskipulagsgerð fyrir Húnavatnshrepp.*

**3. Málefni Hveravalla.**

Oddviti gerði grein fyrir fundi í stjórn Hveravallafélagsins þar sem ákveðið var að fela endurskoðanda að meta virði fyrirtækisins.

**4. Gjaldskrá sorphirðugjalda.**

GJALDSKRÁ

Fyrir sorphirðu í Húnavatnshreppi 2008.

1. gr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá er sem hér greinir:

Sorphirðugjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 5.000

Sorpeyðingargjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 3.000

Sorpeyðingargjald á sumarhús kr. 2.000

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki:

Flokkur 1. kr. 6.000

Flokkur 2. kr. 22.000

Flokkur 3. kr. 43.000

Flokkur 4. kr. 74.000

Flokkur 5. kr.105.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 9. janúar 2008, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Húnavatnshreppi nr. \_\_\_\_\_ og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

*Ofanrituð gjaldskrá var samþykkt af hreppsnefnd og verður send heilbrigðisnefnd til umsagnar.*

**5. Tilnefning fulltrúa í atvinnumálanefnd.**

**a) Aðalfulltrúa í stað Þóru G. Þórsdóttur.**

**b) Varafulltrúa í stað Páls Stefánssonar.**

*Jón Gíslason á Stóra Búrfelli var tilnefndur sem aðalfulltrúi í atvinnumálanefnd*

*Guðrún Sigurjónsdóttir var tilnefnd sem varafulltrúi í atvinnumálanefnd.*

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
44. fundur.

**6. Fundargerðir:**

- a) Hússtjórnar Húnavers dags. 1. október 2007.  
Lögð fram til kynningar.
- b) Hússtjórnar Húnavers dags. 6. nóvember 2007.  
Lögð fram til kynningar.
- c) Hússtjórnar Húnavers dags. 13. nóvember 2007.  
Lögð fram til kynningar
- d) Fundar í Dalsmynni vegna bókakaupa dags. 4. desember 2007.  
*Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.*
- e) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf. dags. 19. desember 2007.  
Lögð fram til kynningar.
- f) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 17. desember 2007.  
Lögð fram til kynningar.
- g) Fundar um mögulega nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu með nýtingu orku frá Blönduvirkjun dags. 18. desember 2007.  
*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*
- h) Samgöngu- og fjarskiptanefndar dags. 20. desember 2007.  
*Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að senda ályktanir fundargerðarinnar til viðkomandi aðila.*
- i) Héraðsnefndar dags. 20. desember 2007.  
Lögð fram til kynningar.

**7. Bréf:**

- a) Frá óbyggðanefnd dags. 2. janúar 2008  
Efni: Afmörkun á svæði 7 og kröfulýsingarfrestur.  
Óbyggðanefnd hefur samþykkt þá beiðni fjármálaráðherra, að afmörkun svæðis 7 verði breytt með þeim hætti, að einungis suðurhluti svæðisins komi til meðferðar nú. Samkvæmt því er Eyvindarstaðarheiði eina svæðið innan Húnavatnshrepps sem fellur undir kröfugerð ríkisins dags. 28. febrúar 2008.  
Lagt fram til kynningar.
- b) Frá stjórn Vilko dags. 18. desember 2007.  
Efni: Forkaupsréttur á hlutafé í Vilko.  
*Hreppsnefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum vegna aukningar á hlutafé samkv. bréfi Vilko dags 18. des. 2007.*
- c) Frá Félagsmálaráðuneyti dags. 19. desember 2007.  
Efni: Reglur um ráðstöfun aukaframlags frá Jöfnunarsjóði  
Lagt fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
44. fundur.

d) Frá Blönduósbæ dags. 14. desember 2007.

Efni: Óskað er eftir afstöðu Húnavatnshrepps til samninga um stofnun byggðasamlaga um rekstur Tónlistarskóla A-Hún, Skóla- og félagsþjónustu A-Hún og Héraðsskjalasafns.

*Á síðasta fundi Héraðsnefndar 20. desember 2007, var lagt til að samráðshópurinn hittist einu sinni enn til að láta fullreyna á hvort samkomulag geti orðið um áframhaldandi rekstur Héraðsnefndar. Í ljósi afgreiðslu Héraðsnefndar tekur hreppsnefnd Húnavatnshrepps ekki afstöðu til erindis Blönduósbæjar að þessu sinni.*

e) Frá Félagsmálaráðuneyti dags. 5. desember 2007.

Efni: Umsögn.

Lagt fram til kynningar.

f) Frá Skipulagsstofnun dags. 7. desember 2007.

Efni: Námur, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.

*Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra er falið að senda erindið til byggingarnefndar.*

g) Frá Hestamannafélaginu Neista dags. 29. nóvember 2007.

Efni: Styrkbeiðni vegna æskulýðsstarfs.

*Hreppsnefnd samþykkir að styrkja barna- og unglíngastarf Neista um 110.000 kr á árinu 2008.*

h) Frá menntamálanefnd Alþingis dags. 12. desember 2007. mál 285 og 287.

Efni; Umsagnir.

Lagt fram til kynningar

i) Frá menntamálanefnd Alþingis dags. 12. desember 2007. mál 286.

Efni: Umsagnir.

Lagt fram til kynningar.

## 8. Önnur mál

*Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir opnum fundi með Samgönguráðherra og forsvarsmönnum Vegagerðarinnar vegna ófremdar ástands vega í Húnavatnshreppi. Nauðsynlegt er að óska eftir slíkum fundi þar sem harðorðar bréfaskriftir og ályktanir um þessi mál hafa ekki skilað neinum árangri hingað til.*

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.45

\_\_\_\_\_  
Björn Magnússon

\_\_\_\_\_  
Tryggvi Jónsson

\_\_\_\_\_  
Jóhanna Pálmadóttir

\_\_\_\_\_  
Birgir Ingbórsson

\_\_\_\_\_  
Jón Gíslason

\_\_\_\_\_  
Ólöf Birna Björnsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gróa M Lárusdóttir

\_\_\_\_\_  
Jens P Jensen